

öllum greinum. Hinir ákærðu verða og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 12 kr. til hvors þeirra.

Rannsókn málsins hefir dregist allengi, en fyrir þeim drætti hefir undirdómarinn fært nægilegar ástæður; að öðru leyti vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Hinir ákærðu Halldór Þorgrímsson og Anton Björn Tómasson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málfærslumannanna Eggerts Claessens og Odds Gislasonar, 12 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 4. dag desembermán.

Nr. 9/1911:

Lyder Höydal
gegn

Jóni Björnssyni f. h. Landt & Rickertsen

D ó m u r:

Með skjali, dags. 31. des. 1907 veðsetti áfrýjandi þessa máls Lyder Höydal kaupmaður í Vestmannaeyjum

firmanu Landt & Rickertsen í Hamborg meðal annars verzlunarlóð er hann átti þar í kaupstaðnum 3700 □ ál. að stærð, til tryggingar 6929 kr. 35 a. skuld með 6% vöxtum og innheimtukostnaði, og árið eftir, 26. sept., gaf hann aftur út veðskuldabréf til firmans fyrir 8967 kr. — þar í fölginn skuldin eftir eldra bréfinu — og seldi skuld-eiganda að veði 2 pakkhús, auk hins fyrnefnda veðs. Samkvæmt þessum bréfum og með skýrskotun til 15. gr. og 16. gr. laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar krafðist Jón Björnsson kaupmaður í Reykjavík í umboði Landt & Rickertsens fjárnáms í hinum veðsettu eignum fyrir eftirstöðvum skuldarinnar, er hann taldi vera 6505 kr. 2 a., auk vaxta og kostnaðar. Við þá fógetagjörð, sem fram fór 23. okt. f. á., neitaði fógetinn aðför samkvæmt veðskuldabréfinu 26. sept. 1908, með því að afrit eitt af þessu bréfi var lagt fram, en eigi skuldabréfið sjálft, sem tjáist vera glatað, en samkvæmt veðskuldabréfinu 31. des. 1907 var fjárnám gjört í fyrgreindri verzlunarlóð áfryjanda til lúkn-ingar skuldareftirstöðvunum kr. 6505,02 með vöxtum og kostnaði.

Þessari fjárnámsgjörð hefir áfryjandi skotið til yfir-dómsins með stefnu, dags. 9. marz þ. á. og krafist þess, að fjárnámið verði felt úr gildi og að stefndi verði dæmd-ur til að greiða sér bætur fyrir skaða, er hann hafi beðið af fjárnáminu, eftir mati réttarins.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að fjárnámið verði staðfest og honum dæmdur málskostnaður eftir mati yfir-dómsins.

Í fyrgreindum lögum 16. des. 1885, 15. gr., sem hin áfryjaða fjárnámsgjörð er bygd á, er meðal annars

það skilyrði sett fyrir fjárnámi eftir veðskuldabréfum, að þau séu þinglesin. Veðskuldabréfið 31. des. 1907, er fúgetinn tók gilt sem heimild fyrir fjárnáminu, var að vísu fyrirfram innfært í veðmálabók Vestmanneyjasýslu 24. febr. 1908 til þinglesturs á næsta manntalsþingi samkvæmt tilskipun 24. apríl 1833, 4. gr., en bréfið ber það eigi með sér sjálfst og ekki önnur skjöl málsins, að það hafi verið lesið á næsta manntalsþingi né síðar. Það er þannig eigi sannað, að fyrnefndu skilyrði fyrir lögmæti fjárnámsins sé fullnægt, og ber fyrir þá sök að taka til greina kröfu áfryjanda og ógilda fjárnámsgjörðina.

Kröfu sína um bætur fyrir tjón, er fjárnámið hafi bakað honum, hefir áfryjandi eigi sannað eða rökstutt svo, að hún verði tekin til greina gegn mótmælum stefnda, en málskostnað fyrir yfirdómi þykir stefndi eiga að greiða áfryjanda, og ákveðst hann 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hin áfryjaða fjárnámsgjörð er úr gildi feld. Stefndi Jón Björnsson fyrir hönd Landt & Rickertsen greiði áfryjanda Lyder Höyðal 25 kr. í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaðför.